

Reglubundin tæming rotþróa í Kjós

Á heimasíðu Kjósarhrepps er að finna samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi. Markmið samþykktarinnar er að tryggja að meðhöndlun seyru sé í samræmi við gildandi reglugerðir þar að lútandi og að varnir gegn mengun vatns séu tryggðar.

Kjósarhreppur mun héðan í frá annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyru losun úr rotþróum, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðiseftirlit Kjósarumdæmis annast eftirlit með starfsemi.



Rotþrær og siturlagnir verða tæmdar þriðja hvert ár að jafnaði.


Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um. Þann 1. janúar 2009 skulu allir vera komnir með fullgildar rotþrær og skal eigandi fráveitunnar (húseignar) sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna seyru losunar og eftirlits með fráveitum.

Losun rotþróa skal pöntuð á skrifstofu Kjósarhrepps.



Gámaplan við Hurðarbaksholt Móttaka fyrir flokkaðan úrgang



Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is, undir tenglinum samþykktir og gjaldskrár.

SKRIFSTOFA KJÓSARHREPPS

Ásgarður Kjós | 270 Mosfellsbær

Sími: 566 7100 / 566 7001 | Fax: 566 8571

Netfang: kjosarhreppur@emax.is

Veffang: www.kjos.is

Vönduð flokkun úrgangs sparar fjármuni

Ágætu fasteignaeigendur í Kjósarhreppi.

Í þessum bæklingi er að finna leiðbeiningar um það hvernig skal flokka úrgang í Kjósarhreppi. Vönduð flokkun skiptir sköpum þegar kemur að nýtingarmöguleikum úrgangs. Reglan er sú að blandaðan úrgang er ekki hægt að nýta en eftir því sem úrgangur er betur flokkaður, þeim mun betra hráefni er hann. Um leið og úrgangur er orðinn að hráefni fylgir því minni kostnaður fyrir sveitarfélagið að losna við hann, sem skilar sér beint inn í sorphirðugjöld íbúanna. Það er því hagur okkar allra að flokkun sé vönduð, bæði með tilliti til fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.



Ávinningurinn af því að flokka úrgang rétt

- Hann verður hráefni í nýjar vörur og verðmæti bjargast.
- Minna landrými fer undir urðunarstaði.
- Það kostar samfélagið minna ef úrgangur fer til endurvinnslu en ef hann er urðaður.

Á næstu síðu má finna upplýsingar um hvernig skal flokka úrgang sem skilað er á gámaplan við Hurðarbaksholt.



Forsenda þess að hægt sé að endurvinna úrgang er að hráefnið sé hreint. Því má aldrei blanda saman úrgangstegundum, s.s. pappír og plasti, timbri og málmum o.s.frv. Setjið því aldrei annað í gáma en það sem merkingar segja til um. Í mörgum tilfellum ber vandlega flokkaður úrgangur engin förgunargjöld og má sem dæmi nefna eftirfarandi flokka úrgangs: *Bylgjupappi, plast og gúmmiefni, fernur og sléttur pappi og málmur*. Ef mismunandi efnum er hins vegar blandað saman, kostar það umtalsverða fjármuni fyrir sveitarfélagið að losna við úrganginn. Hér má finna upplýsingar um rétta flokkun úrgangs á gámaplani við Hurðarbaksholt.



Bylgjupappi

Í þennan gám má ekki setja önnur efni en bylgjupappa og fjarlægja þarf plastumbúðir innan úr kössum. Bylgjupappi þekkist á þykkt hans og brúnir hans eru bylgjulaga. Mikilvægt er að brjóta umbúðir saman áður en þeim er skilað.

Framleiðsla úr endurunnum bylgjupappa er m.a. nýir pappakassar.

Ekkert förgunargjald



Sléttur pappi

Sléttur pappi er t.d. allar gerðir af fernum, morgunkornspakkar, eggjabakkar, eldhúsrúlluhólkar og ýmsar aðrar umbúðir undan matvælum o.fl. Brjótið umbúðir saman og skolið fernur. Fjarlægjið lausar plastumbúðir innan úr pappumbúðum.

Úr hverjum fimm kössum sem berast til endurvinnslu má búa til fjóra nýja.

Ekkert förgunargjald



Dagblöð og tímarit

Í þennan gám má t.d. setja dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og tölvupappír. Hefti og smærri gormar eru óskaðlegir við endurvinnslu en ekki má setja pappa, plast eða aðrar tegundir úrgangs í gáminn.

Úr hverju kíló af pappír má t.d. framleiða fjórar salernisrúllur.

FÖRGUNARGJALD



Dósir og flöskur

Á gámaplani er gámur fyrir dósir og flöskur og hefur Félag sumarhúsa-eigenda við Meðalfellsvatn umsjón með söfnun umbúðanna.

Úr endurunnum plastflöskum er framleiddur flísfatnaður.

Ekkert förgunargjald



Málmur

Í þennan gám fer allt sem inniheldur málm, jafnvel þó í litlum mæli sé. Má sem dæmi nefna húsgögn, raftæki, niðursuðudósir og girðingavír.

Málmur er verðmætt hráefni! Málm er hægt að bræða aftur og aftur og búa til úr honum nýja hluti.

Ekkert förgunargjald



Plast og gúmmiefni

Í þennan gám fer t.d. heyrúlluplast, plastumbúðir, dekk og önnur gúmmiefni, net og band (ath. net og band skal vera í lokuðum plastpoka). Skilið aðeins tómum umbúðum og látið lok og tappa fylgja laus með. Ekki frauðplast!

Plastefnin eru flokkuð og send erlendis til endurnýtingar.

Ekkert förgunargjald



Spilliefni

Spilliefnum skal ávallt skilað til eyðingar en þessháttar efni eru skaðleg umhverfinu, mönnum og dýrum. Dæmi um spilliefni eru málning, olíuúrgangur, rafhlöður og rafgeymar, sterk hreinsiefni o.fl. Spilliefnum skal skila í lokuðum umbúðum. Réttar merkingar á ilátum auðvelda flokkun spilliefna.

Spilliefnum er eytt hjá Efnamóttökunni hf.

Ekkert förgunargjald



Ómálað timbur

Setjið aðeins ómálað timbur í þennan gám. Naglar eru í lagi en stærri málmhluti og önnur efni verður að fjarlægja. Ekki má flokka masónít, trétex, þunnar innihurðir, málaðar eða plasthúðaðar spónaplötur með timbri. Slíkt fer í GRÓFAN ÚRGANG.

Timbur er hægt að nýta sem kolefnisgjafa við framleiðslu ksiljárns hjá Íslenska járnblendifélaginu hf. á Grundartanga.

FÖRGUNARGJALD



Málað timbur

Aðeins málað timbur, án stærri málmhluta og annarra efna. Förgunargjöld eru hærri en vegna ómálaðs timburs.

Timbrið er einnig hægt að nýta hjá Ísl. járnblendifélaginu en því verður að blanda í ákveðnum hlutföllum við ómálað timbur sökum títans sem er að finna í hvítu málningu og getur rýrt gæði framleiðslunnar.

FÖRGUNARGJALD



Grófur úrgangur

Þessi flokkur ber hæstu förgunargjöldin og því er mikilvægt að setja ekki nýtanlegt timbur eða mála í þennan flokk. Í þennan gám fara t.d. ónýt húsgögn, teppi, dýnur o.fl.

Efnið er umfangsminnkað í tætarar og urðað.

FÖRGUNARGJALD



Heimilissorp (óendurvinnanlegt)

Í þennan gám fer annar blandaður úrgangur sem ekki er hægt að flokka til endurnýtingar, s.s. matarleifar, frauðplast o.fl.

Efnið er umfangsminnkað í þar til gerðum pressum og urðað.

FÖRGUNARGJALD



Garðaúrgangur og jarðvegur

Ekki er ætlast til þess að garðaúrgangur, jarðvegur og steinbrot berist á móttökustað, heldur notið til moltugerðar heima fyrir og á stöðum sem lagðir eru til af landeigendum í samvinnu við sumarhúsafélög.